

39. gr.

60

Með reglugjörð þessari er úr gildi numin fjallskilareglugjörð fyrir Dala- 17. ágúst sýslu, frá 6. ágúst 1912.

Reglugjörð þessi, sem sýslunefnd Dalasýslu hefir samið og samþykkt samkvæmt 71. gr. sveitarstjórnarlaganna, sbr. lög nr. 48, 28. nóvember 1919, staðfestist hjermeð til að öðlast gildi 1. september 1923 og birtist til eftirbreytni öllum, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 17. ágúst 1923.

Í fjarveru ráðherrans.

Vigfús Einarsson.

Páll Pálmason.

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir Gjafasjóð Bjarna Árnasonar og Guðrúnar Sigurðardóttur, hjóna í Króki í Pörtum, útgefin á venjulegan hátt, að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra, 17. ágúst 1923. Skipulagsskráin er þannig: 61

SKIPULAGSSKRÁ

Gjafasjóðs Bjarna Árnasonar og Guðrúnar Sigurðardóttur hjóna í Króki í Pörtum.

1. gr.

Sjóðurinn heitir: Gjafasjóður Bjarna Árnasonar og Guðrúnar Sigurðardóttur hjóna í Króki í Pörtum.

2. gr.

Sjóður þessi er stofnaður með 3000 — þrjú þúsund — krónum, sem eru í bók nr. 4340 við Sparisjóð Árnassýslu á Eyrarbakka.

61

17. ágúst

Vextir af fje þessu greiðast okkur hjónum árlega meðan annaðhvort okkar er á lífi.

3. gr.

4. gr.

Eftir andlát okkar hjóna skulu allir vextirnir lagðir við höfuðstólinn í 20 ár. Að þeim tíma liðnum skal úthluta $\frac{3}{4}$ vaxtanna til fátækra manna í Gaulverjabæjarhreppi, og skal sækja um styrk úr sjóðnum og veita styrki úr honum að öllu leyti eftir sömu reglum sem úr hinum almenna Ellistyrktarsjóði.

5. gr.

$\frac{1}{4}$ — einn fjórði — hluti vaxtanna leggist áfram árlega við höfuðstólinn þar til sjóðurinn er orðinn 25,000 — tuttugu og fimm þúsund — krónur. Eftir þann tíma má verja öllum vöxtunum eins og segir í 4. gr. Þó má halda lengur áfram að hækka sjóðinn álitist það heppilegt.

6. gr.

Hreppstjóri Gaulverjabæjarhrepps ásamt þeim mönnum í hreppnum, sem úthluta hinu árlega ellistyrktarsjóðsfje hreppsins, skulu hafa umsjón með sjóðnum og ráða styrkveitingum úr honum.

7. gr.

Skýrslu yfir umsóknir og styrkveitingar úr sjóðnum skal senda sýslumanni Árnessýslu ásamt reikningi hreppsins hvert ár, skal hann yfirskoða reikninga sjóðsins ár hvert. Almanaksárið er reikningsár sjóðsins.

8. gr.

Sjóðurinn skal ávalt ávaxtaður á öruggum stað.

62

24. ágúst

REGLUGJÖRÐ

fyrir

Vestur-Barðastrandarsýslu um eyðing bandorma í hundum.

1. gr.

Hreppsnefnd í hverjum hreppi sýslunnar er falið á hendur að annast um lækningu á hundum, eins og henni þykir best við eiga, og útnefna sjer til aðstoðar fleiri eða færri menn, eftir stærð eða þjettbýli hreppanna, og skulu allir þeir, er þannig eru skipaðir til að annast um lækningu á hundum, skyldir til að hlýða undantekningarlaust ákvæðum hreppsnefndarinnar.